

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 1. febrúar kl. 09:20, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 714. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Marta Grettisdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir Margrét Þormar, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón B. Gíslason og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Björgvin Rafn Sigurðarson

Þetta gerðist:

- 1. Grandagarður 1A, Starfsemi fyrir neyðarþjónustu** (01.115.209) Mál nr. BN055710
Skjalnr. 14054
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta neyðarskýli fyrir heimilislausu vímuefnaneytendur, koma fyrir hvíldaraðstöðu á 2. hæð, nýrri pallalyftu milli hæða, svölum með hringstiga á norðurhlíð og byggð köld geymsla á lóð nr. 1A við Grandagarð.
Stækkun: 12 ferm., 31,2 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.
- 2. Grettisgata 27, Viðbygging, þaksvallir og pallur** (01.173.136) Mál nr. BN055666
Skjalnr. 9856
Ásta Sól Kristjánsdóttir, Grettisgata 27, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingar úr timbri á steypum sökkli við norðaustur- og suðausturhlíð með þaksvölum, auk palls framan við viðbyggingu norðausturhlíðar húss á lóð nr. 27 við Grettisgötu. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. janúar 2019. Stækkun: 82,1 ferm., 236,0 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- 3. Kamsvegur 4, (fsp) færsla á bílskúrs** (01.352.6) Mál nr. SN180811
Skjalnr. 14046
Halldór Hreinsson, Kamsvegur 4, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Halldórs Hreinssonar dags. 25. nóvember 2018 um að færa bílskúr á lóð nr. 4 við Kamsveg ca. 8 metra aftar á lóð, samkvæmt skissu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- 4. Borgartún 8-16A, Skilgreina íbúð 12.hæð - Bríetartún 9** (01.220.107) Mál nr. BN055713
Skjalnr. 5902
531114-0270 Höfðaíbúðir ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að skilgreina íbúð 1201 sem gististað í flokki II í fjölbýlishúsinu Bríetartúni 9 á lóð nr. 8-16 við Borgartún. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnastjóra og deildarstjóra Aðalskipulags Reykjavíkur.

5. **Melbær 31-43, (fsp) nr. 35 - íbúðarherbergi í kjallara** (04.361.4) Mál nr. SN190055
Skjalnr. 14075
Ingi Brynjar Erlingsson, Melbær 35, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Inga Brynjars Erlingssonar dags. 22. janúar 2019 um að setja íbúðarherbergi í kjallara hússins nr. 35 á lóð nr. 31-43 við Melbæ með sér fasteignanúmeri.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Snæland 1-7, (fsp) nr. 3 - skipta íbúð í tvær íbúðir** (01.871.2) Mál nr. SN190054
Skjalnr. 14074
Silja Hendriksdóttir, Snæland 3, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Silju Hendriksdóttur dags. 22. janúar 2019 um að skipta íbúð í húsi nr. 3, fnr. 2038157, á lóð nr. 1-7 við Snæland í tvær íbúðir.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Spöngin eining G, Spöngin 3-5/Móavegur 2 og 4, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN180798
Skjalnr. 7590
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2019 var lögð fram umsókn Yrki arkitekta ehf. dags. 14. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar einingu G vegna lóðanna nr. 3-5 við Spöngina og 2 og 4 við Móaveg. Í breytingunni felst að koma fyrir djúpgámum á lóð í stað sorpskýla og hækka hámarkshæð hjólaskýla úr 3,0 m. í 4,5 m., samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 13. nóvember 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Lögð fram leiðrétt bókun frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2019. Rétt bókun er:
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
8. **Tjarnarsel 2, (fsp) skipta einbýlishúsi í tvær íbúðir og breyting á svölum** (04.930) Mál nr. SN190038
Skjalnr. 5373
550103-3970 Mission á Íslandi ehf, Þinghólsbraut 3, 200 Kópavogur
Magnús Albert Jenson, Langagerði 88, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Magnúsar Jensonar dags. 16. janúar 2019 ásamt greinargerð dags. 16. janúar 2019 um að skipta einbýlishúsi á lóð nr. 2 við Tjarnarsel í tvær íbúðir ásamt breytingu/fjölgun svala. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019 samþykkt.
9. **Alþingisreitur, breyting á deiliskipulagi** (01.141.1) Mál nr. SN190034
Skjalnr. 9486
690906-1390 Batterið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lögð fram umsókn Batterísins Arkitekta ehf. dags. 15. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits. Í breytingunni felst að tengigangur á 2. hæð milli Skála (Kirkjustræti 12) og nýbyggingar á horni Vonarstrætis og Tjarnargötu er breytt þannig að brot kemur á hann á móts við tengibyggingu í Kirkjustræti 8B og gengur hann þaðan á ská yfir reitinn að Nýbyggingu, skarð í nýbygginguna að Vonarstræti sem gengur inn að inngarði er stækkað og lóðarmörk vestan Vonarstrætis 10 eru færð um 60 cm. þannig að lóðin minnkar um 15 fm., samkvæmt uppdr. Batterísins Arkitekta ehf. dags. 8. janúar 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 8.1 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
10. **Fossvogur brú, deiliskipulag** (01.8) Mál nr. SN160764

Lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar dags. 15. janúar 2019, þar sem bent er á fella þarf út af uppdrætti fyrirhugaða Skerjafjarleið til vesturs.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

11. **Funahöfði 19, (fsp) bílastæði** (04.061.0) Mál nr. SN190056
Skjalnr. 6612
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 25. janúar 2019 ásamt bréfi dags. 22. janúar 2019 um að koma fyrir samsíða bílastæðum í götu við lóð nr. 19 við Funahöfða, samkvæmt tillögu ASK Arkitekta ehf. dags. 22. janúar 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.
12. **Kjalarnes, framtíðarskipulag fyrir sóknarkirkju á Kjalarnesi** Mál nr. SN180842
Skjalnr. 10189
Lagt fram bréf sóknarnefndar Brautarholtssóknar dags. 24. nóvember 2018 um að gert sé ráð fyrir lóð eða landi undir framtíðar sóknarkirkju á vegum þjóðkirkjunnar í framtíðarskipulagi á Kjalarnesi.
Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019 samþykkt.
13. **Kjalarnes, Hólaland, deiliskipulag** (32.45) Mál nr. SN180266
Skjalnr. 13526
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 25. janúar 2019 þar sem gerðar eru athugasemdir við deiliskipulagið sem felast í að stofnunin telur deiliskipulagið ekki samræmast Aðalskipulagsi Reykjavíkur 2010-2030, ekki liggi fyrir hvernig veitum verði háttað fyrir lóðina og ekki liggi fyrir umsögn heilbrigðiseftirlits varðandi mögulegar lausnir ef ekki verður hægt að tengjast fyrirbyggjandi veitum. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að samningar liggi fyrir um aðkomu og sama á við um veitur eftir atvikum.
Vísad til umsagnar verkefnastjóra og deildarstjóra Aðalskipulags Reykjavíkur.
14. **Kjalarnes, Leiruvegur 8, (fsp) uppbygging** Mál nr. SN190044
Skjalnr. 10258
Guðmundur Höskuldsson, Sölkugata 4, 270 Mosfellsbær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Guðmundar Höskuldssonar dags. 17. janúar 2019 ásamt greinargerð Hlínar Sverrisdóttur ódags. um uppbyggingu á lóð nr. 8 við Leiruvog á Kjalarnesi. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019. Grenndarkynna þarf byggingarleyfisumsókn berist hún.
15. **Skógarsel 12, Fjölnota Íþróttahús ÍR** (04.918.001) Mál nr. BN055573
Skjalnr. 11383
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjölnota íþróttahús, með burðarvirki úr stáli, steiptum spyrnuveggjum og göflum og klætt að utan með sléttum steinullarsamlökueiningum, á svæði Íþróttafélags Reykjavíkur á lóð nr. 12 við Skógarsel. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Stærð: 4.464,8 ferm., 57.411,7 rúmm. Erindi fylgir minnisblað Eflu dagsett 7. desember 2018 með útreikningum á orkuramma og brunahönnunarskýrsla Eflu dagsett 11. desember 2018 og hljóðvistargreinagerð Eflu dagsett 11. desember 2018. Uppfærð brunahönnunarskýrsla frá Eflu dagsett 8. janúar 2019. Gjald kr. 11.000
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

16. **Sundahöfn, norðan Vatnagarða, breyting á** (01.332) Mál nr. SN180743
deiliskipulagi Skjalnr. 9634
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Faxaflóahafna sf. dags. 24. október 2018 ásamt bréfi dags. 24. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vatnagarða vegna Sundahafnar. Í breytingunni felst að skilgreina tvo byggingarreiti á lóð Sægarða 9, stækka og breyta sérskilmálum fyrir lóð Sægarða A og gera nýjar lóðir fyrir dreifistöð Sægarðar 13 og spennistöð Sægarðar 17, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 15. október 2018 uppf. 28. janúar 2019. Tillagan var auglýst frá 7. desember 2018 til og með 23. janúar 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Grímur M. Jónasson f.h. Eimskips dags. 16. janúar 2019.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
17. **Úlfarsfell, nýtt deiliskipulag** (02.6) Mál nr. SN170752
Skjalnr. 8533
470905-1740 Sýn hf., Pósthólf 166, 232 Keflavík
Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði á toppi Úlfarsfells þar sem fyrirhugað er að reisa 50 metra hátt fjarskiptamastur fyrir loftnet og tækniskýli með útsýnispalli. Umrædd framkvæmd tryggir fullnægjandi útvarps- og fjarskiptajónustu á höfuðborgarsvæðinu og til að lágmarka sjónræn áhrif mannvirkja er lagt til að unnið verði með náttúruleg byggingarefni á þann hátt að mannvirkin falli sem best inn í landslagið og umhverfið. Stærð skipulagssvæðis er um 1,3 ha, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 7. september 2018. Einnig er lögð fram greinargerð verkfræðistofu Bjarna Viðarssonar dags. 18. september 2018 varðandi útreikninga á sviðsstyrk. Tillagan var auglýst frá 29. október 2018 til og með 17. desember 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemd: Íbúasamtök Úlfarsárdals dags. 7. nóvember 2018, Sigurjón Kr. Sigurjónsson dags. 7. desember 2018, Þórður Jónsson og Björg Kofoed-Hansen dags. 16. desember 2018, Gísli Álfgeirsson, dags. 16. desember 2018, Harpa Helgadóttir dags. 17. desember 2018, Rúrik Vatnarsson dags. 17. desember 2018, Ásta Guðbrandsdóttir dags. 17. desember 2018, Barbara Hafey Þórðardóttir dags. 17. desember 2018, Ásgeir Björnsson dags. 17. desember 2018, Linda Jónsdóttir dags. 17. desember 2018, Unnur Elva Gunnarsdóttir dags. 17. desember 2018, Sigrún Guðjohnsen dags. 17. desember 2018, Hildur Eyjólfsdóttir dags. 17. desember 2018, Kristín Björg Konráðsdóttir dags. 17. desember 2018, Rudolf Rúnarsson dags. 17. desember 2018, Rose Dahlke dags. 17. desember 2018, Þóra Magnúsdóttir dags. 17. desember 2018, Höskuldur Goði dags. 17. desember 2018, Guðrún Ósk Traustadóttir dags. 17. desember 2018, Þorkell Þorkelsson dags. 17. desember 2018, Alexander J. Baldursson dags. 17. desember 2018 og Helga Hreiðarsdóttir dags. 17. desember 2018. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd frá: Ingimundi Stefánssyni dags. 18. desember 2018 og Arnari Jónassyni, dags. 18. desember 2018, Einnig er lögð fram umsögn Mosfellsbæjar dags. 26. nóvember 2018, umsögn Umhverfisstofnunar dags. 7. desember 2018, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 7. janúar 2019, fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur, minnisblað Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings dags. 21. janúar 2019, umsögn Samgöngustofu dags. 22. janúar 2019, bréf Isavia ohf. dags. 28. janúar 2019 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 30. janúar 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2019 og er nú lagt fram að nýju ásamt uppf. uppdráttum Arkís arkitekta ehf. dags. 7. september 2018 br. 30. janúar 2019.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
18. **Efstaleiti 7, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.745.4) Mál nr. SN190045

420299-2069 ASK Arkitekta ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 18. janúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi RÚV-reits vegna lóðarinnar nr. 7 við Efstaleiti. Í breytingunni felst breyting á skilgreiningu á starfssemi, stækkun byggingarreita ofanjarðar vegna stigahúss og lyftu og aukningu á byggingarmagni ofanjarðar, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 18. janúar 2019.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

19. **Hrísateigur 47 og Laugarnesvegur 74A,** (01.346.0) Mál nr. SN180720
(fsp) *hækkun húsa* Skjalnr. 10429

701205-2860 Steinabrekka ehf., Vatnsstíg 19, 101 Reykjavík

610417-0270 Teiknistofan Stika ehf., Hverfisgötu 18, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. október 2018 var lögð fram fyrirspurn Magneu Þóru Guðmundsdóttur dags. 15. október 2018 um hækkun á húsunum nr. 47 við Hrísateig og 74A við Laugarnesvegi um tvær hæðir, samkvæmt tillögu Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 11. október 2018. Fyrirspurninni frestað, umsækjandi hafi samband við embættið, og er nú lögð fram að nýju ásamt nýrri tillögu Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 7. janúar 2019 og skuggavarpi dags. janúar 2019 um hækkun húsanna um tvær hæðir og eina inndregna hæð.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

20. **Frakkastígur 7, (fsp) lyfta þaki hússins** (01.173.0) Mál nr. SN170347
Skjalnr. 10949

Högni Gunnarsson, Frakkastígur 7, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Högna Gunnarssonar, mótt. 10. apríl 2017, um að lyfta þaki hússins á lóð nr. 7 við Frakkastíg. Einnig er lagt fram bréf skrifstofu sviðsstjóra, dags. 3. nóvember 2017. Jafnframt er lögð fram skissa mótt. 8. janúar 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.

Ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við skilyrði og leiðbeiningar sem komu fram við erindið í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019, á eigin kostnað.

21. **Vesturgata 29, Bakbygging - salerni og** (01.135.104) Mál nr. BN055521
útigeymsla Skjalnr. 14040

Ingibjörg Ásta Pétursdóttir, Vesturgata 29, 101 Reykjavík

Þorsteinn Bergsson, Vesturgata 29, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta viðbyggingu við suðurhlíð og byggja litla viðbyggingu á vesturhlíð og koma þar fyrir snyrtingu og útigeymslu í húsi á lóð nr. 29 við Vesturgötu.

Stækkun: 2,4 ferm., 6,4 rúmm. Umsagnir Borgarsögusafns dags. 30.10.2018 og Minjastofnunar Íslands dags. 22.10.2018 fylgja erindi ásamt samþykki aðliggjandi lóðarhafa áritað á teikningar. Einnig útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. janúar 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2019. Gjald kr. 11.000

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Vesturgötu 30, 31 og Ránargötu 18.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 8.1. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

22. **Öldugata 44, Fjölbýlishús - breytingar** (01.134.201) Mál nr. BN055693
Öldugata 44 og Brekkustígur 9 Skjalnr. 6440
 521108-1180 Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteyppt fjölbýlishús, þrjár hæðir og kjallara, með 6 íbúðum og til að byggja viðbyggingu við mhl. 01 til austurs, svalir á vesturgafli og innréttá 2 íbúðir í húsi á lóð nr. 44 við Öldugötu.
 Stærðir: Öldugata 44, MHL1, stækkun: 90,3 ferm., 244,3 rúmm. Öldugata 44, MHL2, nýbygging: 471,3 ferm., 1.544,1 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar með minnispunktum af fundi með Minjastofnun dagsett 27. ágúst 2018, umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs dagsett 7. maí 2018, umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs dagsett 8. desember 2017, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dagsett 2. júní 2017, umsögn Minjastofnunar dagsett 29. júní 2017, umsögn Minjastofnunar dagsett 6. febrúar 2017 og greinagerð um brunahönnun Eflu dagsett 16. janúar 2019. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Langholtsvegur 43-45 og 47, breyting á** (01.357.0) Mál nr. SN180840
deiliskipulagi Skjalnr. 9995
 541105-0420 Ljósið styrktarfélag krabbmeins, Ægisíðu 78, 107 Reykjavík
 690906-1390 Batterið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Ljóssins styrktarfélags Krabbameins um breytingu á deiliskipulagi reita 1.3 og 1.4, Sundin, vegna lóðanna nr. 43-45 og 47 við Langholtsveg. Í breytingunni felst sameining lóðanna og stækkun á byggingarreit, samkvæmt uppdr. Batterisins Arkitekta ehf. dags. 22. nóvember 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. desember 2018 til og með 21. janúar 2019. Einnig er lögð fram athugasemd Sólrúnar Húnfjörð Káradóttur dags. 9. janúar 2019.
Leiðrétt bókun frá embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019.
Rétt bókun er: Vísad til skipulags- og samgönguráðs.
24. **Ásvallagata 25, (fsp) svalir** (01.162.2) Mál nr. SN190029
 Skjalnr. 10318
 Guðrún Birna Jóhannsdóttir, Ásvallagata 25, 101 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Guðrúnar Birnu Jóhannsdóttur dags. 8. janúar 2019 um að setja svalir á suðurhlíð 1. og 2. hæðar hússins á lóð nr. 25 við Ásvallagötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019 samþykkt.
25. **Blesugróf 34, breyting á deiliskipulagi** (01.885.5) Mál nr. SN180814
 Skjalnr. 14047
 650505-1580 Sýrfell ehf, Traðarlandi 2, 108 Reykjavík
 701294-8909 Skipulags/arkitekt/verkfist ehf, Garðastræti 17, 101 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. nóvember 2018 var lögð fram umsókn Gests Ólafssonar dags. 26. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðarinnar nr. 34 við Blesugróf. Í breytingunni felst að heimilt er að reisa tveggja hæða einbýlishús með aukaíbúð innan núverandi byggingarreits og með nýtingarhlutfalli 0,45, samkvæmt uppdr. Skipulags-, arkitekta-, og verkfræðistofunnar ehf. dags. 23. nóvember 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Blesugróf 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20, 22, 24, 26, 28, 38, 40, Jöldugróf 18, 20, 22, 24, þegar leiðréttir uppdrættir hafa borist.
- Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 8.1. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

26. **Skipholt 21, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.250.1) Mál nr. SN190058
Skjalnr. 7947
700316-0250 Noland Arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
411014-1340 Esja eignir ehf., Hrafnshöfða 25, 270 Mosfellsbær
Lögð fram fyrirspurn Noland Arkitekta ehf. dags. 29. janúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðarinnar nr. 21 við Skipholt sem felst í breytingu á notkun hússins úr atvinnuhúsnæði í hótél/hostel ásamt aukningu á byggingarmagni í formi auka hæða og viðbyggingar í porti, samkvæmt tillögu Noland Arkitekta ehf. dags. 29. janúar 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Veltusund 3B, breyting á deiliskipulagi** (01.140.2) Mál nr. SN190068
Skjalnr. 9504
610313-0190 Lögmenn Sundagörðum ehf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík
Lögð fram umsókn Lögmanna Sundagörðum dags. 22. mars 2018, f.h. lóðarhafa, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3B við Veltusund, samkvæmt beiðni um endurupptöku frá 22. mars 2018 Í breytingunni felst að heimilt er að vera með gististarfsemi á efri hæðum hússins. Einnig er lagt fram minnisblað Daða Björnssonar ódags., úttekt á hlutfalli húsrýmis í notkun til gistiþjónustu Kvosinni dags. 15. apríl 2018 og úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 6. desember 2018.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
28. **Áland 1, breyting á deiliskipulagi** (01.847.1) Mál nr. SN180693
Skjalnr. 5466
Magnús Einarsson, Áland 1, 108 Reykjavík
430707-1670 Studio F ehf, Kelduhvammí 6, 220 Hafnarfjörður
Að lokinni auglýsingu er lagt fram að nýju erindi Studio F ehf. dags. 3. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Áland. Í breytingunni felst að breyta þakformi viðbyggingar úr sama formi á núverandi húsi yfir í flatt viðsnúid þak með þaksvölum, samkvæmt uppdr. Studio F ehf. dags. 3. október 2018. Erindi var grenndarkynnt frá 27. desember 2018 til og með 24. janúar 2019. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
29. **Borgartún 6, (fsp) gististaður** (01.220.0) Mál nr. SN190051
Skjalnr. 5253
450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn VA arkitekta ehf. dags. 24. janúar 2019 um að reka gististað á efstu hæð hússins á loð nr. 6 við Borgartún.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
30. **Grettisgata 20A og 20B, (fsp) sameining** (01.182.1) Mál nr. SN190040
Skjalnr. 13142
lóða
641108-0490 Xyzeta ehf., Ármúla 18, 108 Reykjavík
160978-6199 Helgi Indriðason, Nóatún 28, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Helga Indriðasonar dags. 16. janúar 2019 um sameiningu lóðanna nr. 20A og 20B við Laugaveg og reisa sameiginlega stiga á núverandi lóðarmörkum lóðanna og breyta núverandi stigahúsum í inngang og anddyri íbúða, samkvæmt uppdr. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.

31. **Hádegismóar, umsagnarbeiðni -** (04.41) Mál nr. SN190057
höfuðstöðvar skáta Skjalnr. 8106
 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
 Lagt fram erindi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 25. janúar 2019 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa á erindi Bandalagi íslenskra skáta dags. 15. nóvember 2019 varðandi hugsanlega byggingu nýrra höfuðstöðva skáta í Hádegismóum. Einnig er lögð fram greinargerð/hugmyndir Urban Beat, landscape & arkitecture, dags. 9. nóvember 2018.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
32. **Hávallagata 9, breyting á deiliskipulagi** (01.160.3) Mál nr. SN180807
 Skjalnr. 12958
 Herdís Kjerulf Þorgeirsdóttir, Hávallagata 9, 101 Reykjavík
 431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Páls V. Bjarnasonar dags. 21. nóvember 2018 ásamt bréfi dags. 5. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hólatorgsreits vegna lóðarinnar nr. 9 við Hávallagötu. Í breytingunni felst stækkun húss, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf. dags. 19. desember 2018. Einnig er lagt fram álit Péturs H. Ármannssonar arkitekts dags. 15. nóvember 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 31. janúar 2019 til og með 28. febrúar 2019 en þar sem samþykki hagsmunaaðila barst 20., 24., 25., 28., og 29. janúar 2019 er erindi nú lagt fram að nýju. *Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
33. **Hverfisgata 78, Breyting á aðkomu** (01.173.011) Mál nr. BN055564
slökkviliðs Skjalnr. 10848
 610317-2430 RR fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. janúar 2019 þar sem sótt er um breytingu á erindi BN051285 sem felst í því að núverandi undirgöngum er lokað og verslun stækkuð sem því nemur og aðkoma hreyfihamlaðra gesta og slökkviliðs verður um undirgang að Hverfisgötu 76 í húsi á lóð nr. 78 við Hverfisgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Stækkun: 25,1 ferm., 81,9 rúmm. Þinglýst kvöð um aðkomu slökkviliðs, sorphirðu og hjólastólanotenda um Hverfisgötu 76 dags. 31.08.2018 fylgir erindi. Gjald kr. 11.000
EKKI eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
34. **Nýlendugata 34, Nýbygging með 6 íbúðum** (01.130.223) Mál nr. BN055571
 Skjalnr. 13702
 500818-0850 Nýlendugata 34 ehf., Dalabíngi 9, 203 Kópavogur
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 29. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja þrílyft fjölbýlishús úr krosslímdum timbureiningum með 6 íbúðum og einni vinnustofu á lóð nr. 34 við Nýlendugötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. janúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019. Stærð, A-rými: 509,2 ferm., 1.554 rúmm. Gjald kr. 11.000
*Lögð fram leiðrétt bókun frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 og leiðrétt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019. Rétt bókun er:
 EKKI eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2019.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:45.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir